

Dags: 9. mars 2022.

Til: Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarastjóra
Hafnarfjörður

Frá: Guðbrandi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra

Efnis: **Stofnframlög – íbúðir fyrir öryrkja með sjálfstæðri búsetu.**

Sæl Rósa:

Brynja, Hússjóður ÖBÍ hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði um árabil. Við finnum fyrir miklum áhuga á félagslegu húsnæði í ykkar bæjarfélagi og hefðu áhuga á að bæta við okkur íbúðum í Hafnarfirði.

Brynja hefur sett sér metnaðarfull markmið um að stækka íbúðsafn sjóðsins um 320 íbúðir á næstu 5 árum þar af 42 íbúðir í Hafnarfirði.

Við erum að undirbúa umsóknir til HMS um stofnframlög og langar að biðja um ykkar stuðning um stofnframlög fyrir 12 íbúðir vegna áranna 2022 og 2023. Við myndum stefna á að kaupa átta 2ja herbergja íbúðir og fjórar 3ja herbergja íbúðir. M.v. núverandi fasteignaverð gæti stofnvirði slíkrar fjárfestingar legið i kringum 675 mkr þannig að 12% hlutdeild sveitarfélagsins væri 81 mkr.

Stofnframlögin eru lykill að hóflegu leiguverði fyrir okkar skjólstæðinga og því væri frábært að fá ykkar stuðning í að bæta úr erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði fyrir öryrkja.

Ég læt fylgja með þessu bréfi kynningu á fyrirætlunum okkar og upplýsingum um starfsemina þar sem kemur fram hvernig við hefðum áhuga á að stækka íbúðasafnið á næstu árum.

Virðingarfyllst,

Guðbrandur Sigurðsson

Framkvæmdastjóri

gs@brynjahus.is – 570 7807 og 896 0122